

Minjaráð Austurlands
fundur 8. mars 2023 kl. 10:00
Fjarfundur á Teams

Mættar: Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Kristjana Louise Friðbjarnardóttir, Rannveig Þórhallsdóttir og Þuríður Elísa Harðardóttir minjavörður. Aðrir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Skipunartími minjaráðsfulltrúa
2. Sameining stofnana
3. Verndarsvæði í byggð
4. Önnur mál

1. Skipunartími Minjaráðsfulltrúa

Gert er ráð fyrir að hvert minjaráð starfi í fjögur ár og skipunartími minjaráðs Austurlands því senn á enda samkvæmt skipunarbréfi. Umræða hefur verið um að framlengja skipunartíma fulltrúa en ekkert komið á hreint í þeim málum.

Rætt vítt og breitt um hlutverk og tilgang minjaráðanna. Fulltrúar sammála um að ráðið sé mikilvægur samráðsvettvangur en þær upplifa ekki að áhrif þess séu mikil. Spurt hvers vegna seta í Minjaráði er ekki launuð og hvort það væri ekki eðlilegt að svo væri. Þuríður ætlar að kanna það.

2. Sameining stofnana.

Þuríður kynnti fyrirhugaðar sameiningar tíu stofnana í Umverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti í þrjár nýjar stofnanir. Minjastofnun Íslands verður í framhaldinu ekki sér stofnun heldur fellur undir nýja Náttúruverndar- og Minjastofnun.

Margir hafa lýst yfir áhyggjum af þessum áformum, m.a. starfsfólk Minjastofnunar, ekki síst yfir því hvernig húsavermálmum verður háttað í nýju skipulagi.

Þuríður mun halda ráðinu upplýstu eftir því sem málin skýrast.

3. Verndarsvæði í byggð

Fjögur svæði á Austurlandi hafa tekið þátt í verndarsvæði í byggð en eru mislangt komin: Djúpvogur (fyrsta samþykkt samþykkt verndarsvæðið), Egilsstaðir, Vopnafjörður og Seyðisfjörður.

Nokkur umræða hefur verið í samfélaginu um verkefnið undanfarið og borið á gagnrýni. Múlaþing hélt íbúafund fyrir tveimur vikum á Djúpavogi þar sem Þór Hjaltalín var með erindi um verkefnið, tilgang þess og hvernig það á að virka. Íbúum gafst einnig kostur á að spyrja. Fundurinn gekk vel. Þuríður ætlar að senda glærur Þórs til minjaráðsfulltrúa.

4. Önnur mál

Styrkúthlutun úr fornminjasjóði. Eftirtalin verkefni á Austurlandi fengu styrk: Stöð í Stöðvarfirði, Breiðavík á Víknaslóðum, Nautafjós í Nauthúsabotnum, Norskar hvalveiðistöðvar á Austfjörðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00
Elsa Guðný ritaði fundargerð